

**Nd.** **360. Frumvarp til laga** [139. mál]

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

Frá fjárhagsnefnd.

**1. gr.**

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1949 og 1950.

Öll önnur ákvæði fyrrgreindra laga gilda einnig um þessar eignir.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frv. er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra, og fylgdu því svolátandi athugasemdir: „Ástandið er nú svo, að enn ríkari ástæða er til að heimila sérstakar fyrningarafskriftir nú en var 1946. Því er lagt til, að ákvæði laganna verði látin ná til eigna, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1949 og 1950, en ekki þykir rétt að binda heimildina við lengri tíma í einu að svo stöddu.